

Ársskýrsla | 2005



Efnisyfirlit:

I. Yfirlit um starfsemi Einkaleyfastofunnar

Yfirlit forstjóra um starfsemi ELS á árinu 2005

Laga- reglugerðarbreytingar

Einkaleyfi

Vörumerki

Hönnun

Byggðamerki

Starfsmannamál

Endurmenntun

Tæknimál

Fræðslu- og kynningarstarfsemi

Erlent samstarf

Önnur verkefni og atburðir árið 2005

II. Árangursmat

Markmið ársáætlunar

Ársreikningur

Samanburður

Skýringar á helstu frávikum

Yfirlit forstjóra um starfsemi ELS á árinu 2005



Ásta Valdimarsdóttir,
forstjóri ELS.

Þegar litið er til baka voru það ný viðfangsefni og þörf á aukinni þjálfun starfsmanna sem setti mestan svip á árið. Flest þessara viðfangsefna tengjast einkaleyfum eða undirbúningi varðandi nýjan hugbúnað, en einnig tók stofnunin m.a. við nýjum verkefnum varðandi umsjón og eftirlit með launakeyrlum.

Afar mikilvægt er að starfsmenn fái nauðsynlega þjálfun og fræðslu þegar tekið er við nýjum verkefnum og var lögð áhersla á það á árinu. Þegar ný verkefni bætast við er oftast einnig þörf á færa eldri verkefni annað. Því var nokkuð um að verkefni færðust til og starfslýsingar breyttust.

Undirbúningur og gerð stofnanasamninga var einnig áberandi þáttur í starfsemi stofnunarinnar á árinu. Þeir sem tóku þátt í samningagerðinni sóttu námskeið vegna þeirra og fjöldi funda var haldinn til að ná fram lausnum. Undirbúningsstarfið var tímafrekt en samningaviðræður gengu snurðulaust fyrir sig.

Um var að ræða fyrsta árið sem Ísland er aðildarríki að Evrópska einkaleyfasamningnum og þar með Evrópsku einkaleyfastofunni (EPO). Eins og áður segir voru mörg ný viðfangsefni sem komu til á árinu og voru mörg þeirra tengd aðild að EPO.

Að mörgu þarf að hyggja við svo mikla breytingu. Bæta þarf kunnáttu á mörgum sviðum, ekki eingöngu varðandi lög og reglur heldur einnig að því er varðar framkvæmd, fjármál og tölvumál.

Þá kallar aðildin að EPO á þátttöku í allnokkrum föstum nefndum sem brýnt er að viðkomandi starfsmenn kynni sér og geti tekið þátt í þeim störfum að fremsta megni.

Á árinu 2005 var aukin áhersla lögð á fræðslu- og kynningarstarfsemi varðandi hugverkaréttindi. Vegna þessa var m.a. einum starfsmanni ELS fengið það nýja starfssvið að hafa umsjón um þau mál.

Undanfarin ár hefur stofnunin unnið að því að ná samstarfi við skóla, félög og stofnanir með það í huga að efla vitund um hugverkaréttindi. Afar ánægjulegt hefur verið hversu vel þessu er tekið og virðist sem mikill áhugi og þörf sé á að fræðast um þessi mál. Eins og fyrr segir var lögð enn meiri áhersla á þetta á árinu og er stefnt að því að efla þennan þátt starfseminnar enn frekar í framtíðinni.

Eins og sjá má á þessu stutta yfirliti er í mörg horn að lít á þessum vettvangi þar sem breytingar eru örar og tíðar. Starfsfólk ELS hefur tekið þessum áskorunum afar vel og þó vinnuálag hafi aukist hefur starfsandinn fremur eflst.

Ásta Valdimarsdóttir

Laga- og reglugerðarbreytingar

Tvenns konar breytingar voru gerðar á einkaleyfalögum á árinu sem báðar tengjast einkaleyfum á lyfjum. Annars vegar er um að ræða breytingar á 3. gr. einkaleyfalaga með ákvæði sem á alþjóðavettvangi hefur verið kennt við „Bolar“ og hins vegar breytingar á 49. gr. einkaleyfalaga vegna nauðungarleyfa á lyfjum.

Svonefnt „Bolar ákvæði“ varðar umfang einkaréttarins sem felst í einkaleyfavernd. Í 3. gr. einkaleyfalaga er tilgreint hvert umfang einkaréttarins er og í 3. mgr. greinarinnar kemur fram hvað sé undanskilið vernd. Í 3. tölulið 3. mgr. 3. gr. er að finna ákvæði er kveður á um undanþágu fyrir rannsóknir. Með lögum nr. 12/2005 var ákvæðinu breytt á þann veg að nú er sérstaklega tilgreint að einkaleyfi taki ekki til tilrauna með efni uppfinningar, m.a. rannsóknna og prófana og annarra tengdra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að unnt sé að sækja um markaðsleyfi fyrir t.d. samheitalyf og endurbætt lyfjaform. Breytingin, sem er byggð á tilskipun Evrópusambandsins, felur í sér að t.d. samheitalyfjaframleiðendum er heimilt að gera rannsóknir og tengdar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að geta sótt um markaðsleyfi fyrir samheitalyf. Í undanþágunni felst hins vegar ekki heimild til að framleiða samheitalyf á verndartíma frumlyfs, samheitalyfjaframleiðendur verða eftir sem áður að bíða með framleiðslu þar til einkaleyfisvernd frumlyfs er útrunnin.

Breytingar þær sem felast í lögum nr. 127/2005 á ákvæði 49. gr. einkaleyfalaganna í desember eru tvíþættar. Í fyrsta lagi var fellt niður skilyrðið um undangengnar samningaviðræður við einkaleyfishafa til að öðlast nauðungarleyfi í þeim tilvikum þegar að um neyðartilvik hér á landi eða annað alvarlegt hættuástand er að ræða. Breyting þessi kom m.a. til vegna samþykktar ríkisstjórnarinnar um viðbrögð vegna hugsanlegs heimsfaraldurs, t.a.m. influensu.

Í öðru lagi var bætt við nýrri málsgrein sem heimilar undanþágu til útflutnings á lyfjum til þróunarríkja og ríkja sem stríða við alvarlegan heilbrigðisvanda. Þetta er í samræmi við ákvörðun aðalráðs Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO General Council) frá 30. ágúst 2003 sem hrindir í framkvæmd 6. mgr. svokallaðrar Doha-yfirlýsingar um TRIPS samninginn (samningur um hugverkarétt í viðskiptum) og heilbrigði almennings frá 14. nóvember 2001. Breytingin felur í sér heimild til að veita nauðungarleyfi til að framleiða lyf fyrir ríki sem hafa ónóga eða enga framleiðslugetu til að sjá þegnum sínum fyrir lífsnauðsynlegum lyfjum. Slík nauðungarleyfi verða þó ekki veitt án þess að viss skilyrði, sem nánar eru tilgreind í ákvörðuninni, séu uppfyllt. Munu þau skilyrði verða nánar tilgreind í reglugerð.

Einkaleyfi

Umsóknir um einkaleyfi voru 592 talsins og hafa aldrei verið fleiri. Fjölgun frá árinu 2004 var því tæplega 12%.

Umsóknir frá erlendum aðilum voru 545 og þar af voru 535 yfirfærðar alþjóðlegar umsóknir (PCT-umsóknir).


Áætlað var að erlendum umsóknum myndi fækka um 30% vegna aðildar að Evrópska einkaleyfasamningnum á árinu og yrðu um 300 talsins. Þeirra áhrifa gætti ekki en hins vegar er víst að þessa fara að gæta á næsta ári.

Umsóknir frá íslenskum aðilum voru einungis 47 og er það nokkuð lág tala í samanburði við fyrri ár, þar af voru 8 yfirfærðar alþjóðlegar umsóknir. Í áætlun var gert ráð fyrir 55-60 umsóknum.

Lagðar voru inn 27 PCT-grunnumsóknir frá íslenskum aðilum og er það aukning frá fyrra ári.

Fyrsta þýðing evrópskrar umsóknar (krafna í umsókn) barst Einkaleyfastofunni á árinu. En með því að leggja inn þýðingu á kröfum geta umsækjendur um evrópsk einkaleyfi tryggt rétt til að beita fyrir sig ákvæðum er varða brot á einkaleyfisrétti eftir að umsókn er orðin að einkaleyfi.

Hér er tekinn saman fjöldi umsókna síðustu þrjú ár:



Gefin voru út 101 einkaleyfi og hafa þau aldrei verið fleiri. Af þeim eru 9 einkaleyfi til íslenskra aðila sem einnig er met.

Í áætlun fyrir árið var gert ráð fyrir að útgefin einkaleyfi yrðu 60 og eru rauntölur því langt umfram áætlunina.


Vörumerki

Vörumerkjaumsóknum fjölgaði um 15,7% á árinu. Aðalaukningin var í alþjóðlegum umsóknum.

Landsbundnar umsóknir voru 1217, en alþjóðlegar 2937. Samtals voru því 4154 umsóknir sem er mun fleiri umsóknir en áætlað var. Í áætlun var gert ráð fyrir 3300 umsóknum á árinu.

Aukningin í alþjóðlegum umsóknum átti sér stað á síðasta ársfjórðungi ársins 2005 og mun skýringin á þessari aukningu vera helst sú að Alþjóðahugverkastofnunin gerði átak í að afgreiða fjölda óafgreiddra umsókna.

Hér er tekinn saman fjöldi umsókna síðustu þrjú ár:



Vörumerkjaskráningar á árinu 2005 voru 3315 en í áætlun hafði verið gert ráð fyrir 3500 skráningum.

Í áætlun var stefnt að því að stytta biðtíma umsækjenda eftir rökstuðningi við höfnun um skráningu. Áætlað var að sá tími yrði 2 mánuðir fyrir landsbundnar umsóknir en 4 mánuðir fyrir alþjóðlegar umsóknir. Markmiðinu var náð, í lok árs var biðtími umsækjenda eftir rökstuðningi 2 mánuðir fyrir landsbundnar umsóknir sem og alþjóðlegar umsóknir.

Áætlað var að endurnýjuð vörumerki yrðu 1000 á árinu. Mun fleiri skráningar voru endurnýjaðar eða 1345.

Andmæli voru 29 talsins, sem er mun færri en árið áður þegar 38 andmæli bárust.

Úrskurðir í andmælumálum eru jafnan kveðnir upp innan tveggja vikna frá því að mál eru tilbúin til úrskurðar. Í áætlun var stefnt að því að úrskurðað yrði í málum ekki seinna en einum mánuði eftir að öll gögn hafa borist og er því ljóst að mjög góður árangur hefur náðst að þessu leyti.

Hönnun

Á árinu 2005 var aukning hönnunarumsókna yfir 100% frá því árinu áður.

Heildarfjöldin umsókna var 77 umsóknir, þar af 29 alþjóðlegar skráningar.

Aðild Íslands að alþjóðlegu skráningarkerfi á grundvelli Genfarsamningsins hefur haft í för með sér aukningu á fjölda hönnunarskráninga, en skýrir þó ekki alla þá aukningu sem hefur átt sér stað.

79 hannanir voru skráðar á árinu.

Byggðamerki

Á árinu var aðeins sótt um eitt byggðamerki, en þó nokkuð var um fyrirspurnir vegna væntanlegra umsókna.

Starfsmannamál

Í byrjun árs voru starfsmenn 22 talsins en 20 í lok árs.

Í upphafi árs var einn starfsmaður í fæðingarorlofi, sem kom til baka í september. Annar starfsmaður fór í veikindaleyfi í júní og síðan í fæðingarorlof í kjölfarið.

Starfsmaður sem verið hafði í ársleyfi vegna náms kom aftur til starfa í september.

Einn starfsmaður hætti í febrúar og annar í ágúst.

Starfsmaður sem hefur starfað í vörumerkja- og hönnunardeild, aðallega við hönnun, tók að sér ný verkefni er varða kynningar- og fræðslumál. Starfsmaðurinn mun þó áfram sinna ýmsum verkefnum í vörumerkja- og hönnunardeild og heyra til þeirrar deildar.

Þá var starfsmanni í einkaleyfedeild falið að sjá um tengsl við EPO varðandi tvíhliða samning ELS og EPO, fjárstuðning og þjálfun starfsmanna.

Stöðu deildarstjóra almennrar deildar var breytt í skrifstofustjórastöðu fyrri part ársins. Starfið hefur breyst mikið, m.a. þar sem nú annast stofnunin sjálf öll launamál og verkefni tengd þeim. Skrifstofustjóri hefur umsjón með fjárreiðum og launamálum auk þess sem hann er yfirmaður almennrar deildar.



Frá Jólaskemmtun starfsmanna. Auður Sverresdóttir, sérfræðingur í vörumerkjadeild og Margrét Jóhannsdóttir, skrifstofustjóri

Endurmenntun

Starfsmenn sóttu nokkuð mörg námskeið á árinu.

Hér innanlands sóttu starfsmenn m.a. excel námskeið, ensku námskeið, námskeið um skilvirka þjónustumenningu og námskeið um orlofsmál hjá ríkinu. Netstjóri stundaði einnig fjarnám um tölvunetkerfi og þremur starfsmönnum var gert kleift að stunda háskólanám sem nýtist starfsemi stofnunarinnar með vinnu. Þá sóttu þeir sem tóku þátt í gerð stofnanasamninga námskeið vegna þeirra.

Flest námskeið sem sótt voru erlendis voru á vegum EPO og tengjast nýjum verkefnum vegna Evrópska einkaleyfakerfisins.

Í mars og í september fóru netstjóri og einn starfsmaður einkaleyfedeildar á námskeið vegna EPTOS tölvukerfisins hjá EPO í Haag.

Í apríl fór deildarstjóri einkaleyfedeildar og einn starfsmaður einkaleyfedeildar á námskeið um áfrýjunarnefndir og -leiðir EPO, hjá EPO í München.

Í maí fóru tveir starfsmenn einkaleyfedeildar á ráðstefnu um upplýsingasetur og einkaleyfabanka í Rúmeníu á vegum EPO. Ásdís Kristmundsdóttir sérfræðingur á einkaleyfedeild hafði þar framsögu um tvíhliða samning ELS og EPO.

Í október var mikið um ýmis námskeið. Starfsmaður sem annast kynningar- og fræðslumál stofnunarinnar fór á námskeið á vegum EPO í Bretlandi um kynningarherferðir varðandi nýsköpun og hugverkarétt.

Einn af rannsakendum á einkaleyfedeild fór á námskeið um viðbótareinkaleyfi á vegum EPO í Varsjá í Póllandi.

Þá fór einn starfsmaður einkaleyfedeildar á námskeið um INPADOC gagnagrunninn í Vín í Austurríki.

Þrír starfsmenn vörumerkja- og hönnunardeildar sóttu námskeið hjá Alþjóðahugverkastofnuninni í Genf um Madrid Protocol í nóvembermánuði. Einn starfsmaður sótti auk þess námskeið á sama tíma hjá Alþjóðahugverkastofnuninni um Genfarsamninginn á sviði hönnunar.

Tveir starfsmenn einkaleyfedeildar fóru í nóvember á ráðstefnu EPO um einkaleyfaupplýsingar sem haldin var í Budapest.

Þá fór deildarstjóri einkaleyfedeildar á ráðstefnu um Epoline gagnagrunninn sem haldinn var á vegum EPO í Aþenu í Grikklandi.



Ásdís Kristmundsdóttir, sérfræðingur á einkaleyfedeild hélt erindi á Patlib ráðstefnunni í Rúmeníu.

Tæknimál

Miklar breytingar verða á tölvukerfi stofnunarinnar í kjölfar aðildarinnar að EPO. Stofnunin mun m.a. taka í notkun hugbúnað frá EPO sem krefst aðlögunar og breytinga af hálfu stofnunarinnar auk þess sem EPO veitir styrki til kaupa á tölvubúnaði.

Í janúar komu yfirmenn tæknideilda EPO til Íslands til funda um samning milli ELS og EPO svarðandi EPTOS tölvukerfið sem EPO hefur þróað. Samþykkt var að veita ELS aðgang að kerfinu og aðstoða við uppsetningu þess. Kerfi þetta mun hafa miklar breytingar í för með sér og auðvelda mjög alla vinnu innan stofnunarinnar sem og aðgang almennings að gagnasafni stofnunarinnar.

Samningur um innleiðingu fyrrgreinds tölvukerfis var undirritaður í desember 2005. Samningurinn er til þriggja ára og mun fjárstyrkur er EPO veitir að upphæð 300.000 evrur verða dreift milli ára. Samningurinn felur í sér innleiðingu ýmissa tölvukerfa svo sem kerfi fyrir rafræna móttöku umsókna, kerfi fyrir innskönnun gagna, gagnagrunn fyrir einkaleyfi á Íslandi og skjalavistunarkerfi.

Innleiðing EPTOS tölvukerfisins krefst undirbúnings og kallar á ýmsar breytingar. Meðal þess sem gert var á árinu sem liður í undirbúningnum voru kaup á varaafgjafa, Cisco eldvegg og beini (router), skáp fyrir vefþjóna (servers) og loftkælingu í tölvuherbergi. Þá var nauðsynlegt að kaupa ýmiss konar þjónustu vegna þessa af utanaðkomandi aðilum, þ.á.m. lagði Síminn inn tvær nýjar símalínur vegna tenginganna við EPO og Nýherji setti upp eldvegg og beini.

Auk þessa voru endurnýjaðar tvær tölvur, ein borðtölva og ein fartölva.

Þá var vörumerkjaskrá stofnunarinnar komið yfir í PC notendakerfi, því ætlunin er að skipta yfir í PC tölvur á vörumerkjadeild.

Ennfremur voru gerðar nokkrar breytingar á vef stofnunarinnar sem kallaði á þjónustu utanaðkomandi aðila.

Fræðslu - og kynningarstarfsemi

Kynningar á starfsemi ELS og mikilvægi hugverkaréttinda er komið í nokkuð fastar skorður og regluleg kynningum og fræðsluerindum hefur verið komið á hjá ýmsum aðilum.

Haldinn var fyrirlestur um einkaleyfa- og vörumerkjakerfið fyrir nema í iðnrekstrarfræði við Tækniháskólann í apríl.

Þá var flutt erindi hjá Viðskiptaráði um einkaleyfi, vörumerki og hönnun í september.

Laganemar frá Háskóla Íslands, Háskóla Reykjavíkur og Viðskiptaháskólanum á Bifröst komu í heimsókn í október og hlýddu á erindi um einkaleyfi, vörumerki og hönnun.

Enn fremur var haldinn kynning á hugverkréttindum í Verslunarskólanum í október. Í samstarfi við EPO var haldið tveggja daga námskeið í byrjun september um upplýsingar er varða einkaleyfi sem aðgengilegar eru á netinu. Fyrirlesarar voru sérfræðingar frá EPO. Á námskeiðið var boðið aðilum frá rannsóknar -og vísindageiranum, háskólum og iðnaðinum. Námskeiðið var haldið í tölvuveri Odda Háskóla Íslands og var vel sótt.

Á árinu hófst undirbúningur að samstarfi milli ELS og Listaháskóla Íslands varðandi fræðslu á hugverkaréttindum fyrir nemendur innan Listaháskólans sem áætlað var að hæfist í byrjun árs 2006.



Undirritun samninga um Upplýsingasetur ELS hjá IMPRU á Akureyri og hjá Rannsóknarþjónustu HÍ. Ágúst H. Inghórrson frá Rannsóknarþjónustu H.Í., Ásta Valdimarsdóttir frá ELS, Berglind Hallgrímsdóttir frá IMPRU Nýsköpunarmiðstöð.

Erlent samstarf

Samstarf við EPO

Í kaflanum um endurmenntun kemur fram hve umfangsmikið samstarf við EPO var á árinu varðandi þjálfun starfsmanna og verður það ekki endurtekið hér.

Aðild að EPO kallar á þátttöku starfsmanna í nokkrum föstum fundum á ári í framkvæmdarráði, fjárlaganefnd, laganefnd og tækninefnd.

Forstjóri og stundum einnig deildarstjóri einkaleyfedeildar eða lögfræðingur einkaleyfedeildar sóttu fundi framkvæmdarráðs. Framkvæmdarráðið fundaði í mars, júní, október og desember.

Deildarstjóri einkaleyfedeildar sótti fund tækninefndar í september.

Lögfræðingur einkaleyfedeildar sótti fundi laganefndar EPO í apríl og september.

Forstjóri og lögfræðingur einkaleyfedeildar sóttu fund fjárlaganefndar og námskeið um alþjóðlega bókhaldsstaðla á vegum nefndarinnar í október.

Í desember sótti forstjóri fund í Prag, á vegum Evrópsku einkaleyfa akademíunnar varðandi fyrirkomulag og þörf á fræðslu og þjálfun evrópskra umboðsmanna í nýjum aðildarríkjum. Fundinn sóttu einnig fulltrúi FUVE, Félags umboðsmanna um vörumerki og einkaleyfi og fulltrúi Íslands í EPI, samtökum evrópskra umboðsmanna.



30. nóvember var haldinn fundur með þeim sem fengu réttindi sem „epo umboðsmenn“.



Elín R. Jónsdóttir deildarstjóri einkaleyfedeildar fjallaði um ýmislegt varðandi EPO.

Gunnar Örn Hardarson hjá A & P Árnason, einn „epo umboðsmanna“, hélt kynningu um epi samtök evrópskra umboðsmanna, en hann á sæti í stjórn samtakanna.

Annað Evrópusamstarf

Fundir í hugverkahópi EFTA í Brussel voru haldnir í apríl og í desember.

Meðal þess sem fjallað var um á fundunum var tilskipun 2004/48/ESB um aðgerðir til að tryggja vernd hugverkaréttinda. Þá var fjallað um drög að reglugerð varðandi nauðungarleyfi einkaleyfa til framleiðslu á lyfjum til útflutnings og innleiðingu Doha ákvörðunarinnar í einkaleyfalög. Enn fremur var rætt um tillögu að reglugerð varðandi viðbótarvernd lyfja sérstaklega ætluð börnum.

Samstarf Norðurlandanna og Eystrasaltsríkja

Norrænt samstarf er nokkuð fastmótað. Á hverju ári eru að jafnaði sex fundir, tveir á sviði vörumerkja og hönnunar, tveir á sviði einkaleyfa og tveir fundir með forstjórum Norðurlanda og Eystrasaltsríkja.

Norrænir vörumerkja- og hönnunarfundir voru í Osló í apríl og í Stokkhólmi í september. Tveir lögfræðingar ELS sóttu fundina. Fulltrúar frá Eystrasaltsríkjunum tóku einnig þátt í seinni fundinum.

Norrænir einkaleyfafundir voru í Kaupmannahöfn í apríl og í Stokkhólmi í nóvember.

Forstjórar Norrænu og Eystrasaltsríkjanna funduðu í Tallin í maí. Norrænn fundur var áætlaður í norður Noregi í byrjun september en honum var aflýst og í stað þess var fundað í Genf þegar forstjórar sátu þing Alþjóðahugverkastofnunarinnar í lok september.

Umræður meðal Norðurlandanna um samvinnu um rannsóknir á alþjóðlegum einkaleyfum héldu áfram á árinu. Lögfræðingahópur fundaði í mars, apríl og desember og yfirmenn einkaleyfedeildana funduðu í mars og í desember. Í september var ákveðið að samvinna þessi yrði aðeins milli Íslands, Danmerkur og Noregs. Forstjórar þessara þriggja ríkja funduðu í Osló í nóvember.

Annað erlent samstarf

Að venju sátu tveir starfsmenn allsherjarþing Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO) sem stóð yfir í september. Forstjóri og deildarstjóri vörumerkja- og hönnunardeildar sátu þingið að þessu sinni.

Deildarstjóri Vörumerkja- og hönnunardeildar sótti í maí ráðstefnu í Bandaríkjunum um vörumerkjarétt á vegum INTA (International Trademark Association)

Önnur verkefni og atburðir árið 2005

Í lok ágúst áttu Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra og Ásta Valdimarsdóttir forstjóri ELS fund með Alain Pompidou forstjóra EPO í aðalskrifstofu EPO í München. Ráðherra kynnti sér störf EPO og rætt var um helstu breytingar sem á döfinni eru á sviði einkaleyfa í Evrópu og á alþjóðavettvangi.



Forseti EPO Alain Pompidou, Iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir og forstjóri ELS Ásta Valdimarsdóttir

Í október var haldinn fundur með ELS og stjórn Félags umboðsmanna vörumerkja- og einkaleyfa (FUVE). Á fundinum sátu stjórn FUVE, forstjóri og deildarstjóri einkaleyfedeildar ELS, lögfræðingur einkaleyfedeildar og fulltrúi iðnaðarráðuneytis. Ýmis mál voru rædd, m.a. fyrirhuguð breyting á reglugerð varðandi þýðingar á veittum einkaleyfum.

Samkvæmt Evrópska einkaleyfasamningnum eru það aðeins umboðsmenn með tilskilið leyfi sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd umsækjenda gagnvart Evrópsku einkaleyfastofunni (svonefndir European Patent Attorneys). Þeir sem hafa slíkt leyfi eru skráðir á umboðsmannalista hjá EPO. Meginreglan er sú að til að fá leyfið þurfi umboðsmenn að taka þar til gert próf.

Undantekning er gerð fyrir ný aðildarríki og umboðsmenn sem hafa starfað þar. Samkvæmt þeirri undantekningu geta þeir sem störfuðu að einkaleyfamálum síðustu fimm ár áður en ríki gerðist aðili að EPO, verið skráðir á umboðsmannalistann án þess að þreyta próf. Þessi undantekning hefur verið nefnd „grandfathers clause“ og er að finna í 163. gr. Evrópska einkaleyfasamningsins. Ef ekki er gerð krafa um sérstakt umboðsmannaleyfi í aðildarríkjum, eins og hér á landi, ber Einkaleyfastofu viðkomandi ríkis að staðfesta að umboðsmenn hafi starfað að einkaleyfamálum til að þeir geti verið skráðir á umboðsmannalista.

Frá Íslandi voru 27 umboðsmenn skráðir á umræddan lista hjá EPO.

Í tilefni af alþjóðlega hugverkaréttardeginum, 26. apríl, var opið hús hjá Einkaleyfastofunni og boðið upp á fyrirlestra, þar sem m.a. var fjallað um brot gegn hugverkaréttindum, breytingar á einkaleyfalögum vegna s.k. „Bolar ákvæðis“, erfðaaauðlindir og alþjóðahefðir (traditional knowledge) ofl.



Fyrirlestrar á ELS þann 26. apríl voru vel sóttir.

Lilja Aðalsteinsdóttir lögfræðingur fjallaði um breytingar á einkaleyfalögum vegna „Bolar ákvæðisins“.

Þann 1. desember voru undirritaðir samningar ELS og IMPRU á Akureyri annars vegar og hins vegar Rannsóknarþjónustu Háskólans um stofnun Upplýsingasetra um einkaleyfi.

Í desember undirrituðu ELS og Háskólinn í Reykjavík samning varðandi starfsnám meistaranema við lagadeild HR. Samningurinn felur í sér að ELS mun veita allt að 4 nemendum á ári starfsnám, tveimur á hverri skólaönn. Starfsnám hvers nemenda felur í sér 120 klst vinnu og eiga nemendur að vinna að lögfræðilegum verkefnum. Samningurinn gildir fyrir skólaárin 2005-2006 og 2006-2007.



Samningur um námsvist meistaranema í lögfræði við Háskólann í Reykjavík var undirritaður í desember.

Á myndinni eru Rán Tryggvadóttir dósent við lagadeild HR, Þórdís Ingadóttir formaður námsþróunarráðs HR, Ásta Valdimarsdóttir forstjóri ELS, Gunnar Egill

Egilsson laganemi, Þóra Jónsdóttir laganemi og Borghildur Erlingsdóttir deildarstjóri vörumerkja- og hönnunardeildar ELS.

Í desember var undirritaður nýr samningur milli ELS og dönsku Einkaleyfastofunnar varðandi nýnæmisrannsóknir á einkaleyfisumsóknum. Samkvæmt samningnum getur ELS sent umsóknir til dönsku stofnunarinnar til að rannsaka nýnæmi og einkaleyfishæfi uppfinninga gegn ákveðnu gjaldi. Tilhögun þessi hefur gefist vel og er nauðsynleg sér í lagi fyrir íslenska umsækjendur sem leggja inn grunnumsókn hér á landi.

II. Árangursmat

Markmið ársáætlunar

Við gerð rekstraráætlana fyrir ELS hefur verið og mun verða haft að markmiði að sértekjur standi undir starfsemi stofnunarinnar.

Í rekstraráætluninni var áætlað að rekstrarkostnaður yrði rúmar 152 m. kr. Þar af 18,6 m. kr. vegna viðhalds og endurbóta á fasteign stofnunarinnar og rúmlega 109 m. kr. í launakostnað.

Í áætluninni var gert ráð fyrir að aðild Íslands að Evrópska einkaleyfasamningnum myndi tímabundið, að líkindum næstu 3 árin, hafa áhrif á tekjur stofnunarinnar. Búist var við að samdráttur yrði í tekjum af einkaleyfisumsóknum þegar árið 2005. Sú varð ekki raunin heldur þvert á móti fjölgaði umsóknum.

Áætlaðar tekjur voru rúmar 120 m. kr. en urðu 162 m. kr. Tekjur jukust um rúmar 23 m. kr. frá árinu 2004.

Ársreikningur

Tekjur á árinu urðu 162,3 m. kr. og gjöld alls 136,4 m. kr. Tekjuafgangur ársins var því 25,8 m. kr.

Meginhluti tekna eru umsókna- og endurnýjunargjöld. Aukning tekna milli ára er vegna fjölgunar umsókna á öllum sviðum frá erlendum aðilum. Endurgreiddur ferðakostnaður frá EPO er einnig færður inn sem tekjur. Sá liður var 2,5 m. kr. á árinu.

Stærsti gjaldaliðurinn eru laun, sá liður var rúmar 98. m. kr.

Samanburður

Rekstarafkoma var mun betri en áætlað var. Eins og fram hefur komið var í áætlun gert ráð fyrir neikvæðum mismun tekna og gjalda, en raunin varð sú að tekjuafgangur var 25,8 m. kr.

Rekstrarkostnaður var mun lægri en áætlað var eða 136,4 m. kr. í stað 152,7 m. kr. og tekjur urðu mun hærri, eða 162,2 m. kr í stað 120,7 m. kr. skv. áætlun.

Skýringar á helstu frávikum

Ýmsir þættir geta haft áhrif á fjölda umsókna. Þar sem mikill meirihluti umsókna kemur frá erlendum aðilum geta hér ráðið margvíslegir þættir sem erfitt er að sjá fyrir. Sterkari staða Íslands á alþjóðamarkaði og sem samkeppnisaðili getur einnig haft hér áhrif. Eigendur hugverkaréttinda sjá vaxandi þörf á að vernda sín réttindi þar sem vænta má samkeppni.

Skýringar á lægri rekstrarkostnaði eru í megindráttum tvær.

Annars vegar var launakostnaður lægri en áætlað var þar sem gert hafði verið ráð fyrir hækkunum vegna nýrra kjarasamninga og stofnanasamninga. Vinna við stofnanasamninga var ekki lokið á árinu og ný launatafla skv. nýjum kjarasamningum tók ekki gildi fyrr en 1. maí 2006. Því kom ekki til þeirrar hækkunar launa sem búist hafði verið við.

Hinsvegar var í áætlun gert ráð fyrir að kostnaður vegna endurbóta á húsnæði yrði 18,6 m. kr. Endurbætur þær sem fyrirhugaðar voru drógust og falla því að mestu leyti til á árinu 2006. Þá var ekki ráðist í viðhald utanhúss eins og ráðgert var í áætlun.